



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Stefnumið 2030

SAMVINNA

FRUMKVÆÐI

FAGMENNSKA

Ferli stefnumótunarinnar

- Ágúst 2024 til apríl 2025
- Gagnasöfnun og undirbúningur
- Vinnustofa með sérfræðingum í vörumerkjastjórnun
- 2 vinnustofur með akademísku starfsfólki
- 2 vinnustofur með starfsfólki í stjórnsýslu
- Vinnustofa með nemendum
- Vinnustofa með þverskurði akademískra starfsmanna
- Fjöldi vinnufunda með sérfræðingum á ólíkum sviðum
- Reglulegir vinnufundir með framkvæmdastjórn og kynningar fyrir stjórn
- Úrvinnsla og samantekt

ÞÍN TENGING VIÐ FRAMTÍÐINA

VIÐ SKÖPUM ÞEKkingu, EFLUM OG MENNTUM NÚTÍMAFÓLK

Háskólinn á Bifröst stundar rannsóknir sem stuðla að framþróun og nýsköpun í samfélaginu og veitir krefjandi, fjölbreytt og hvetjandi fjarnám til áhrifa og ábyrgðar.

SAMVINNA

FRUMKVÆÐI

FAGMENNSKA

Í HÓPI LEIÐANDI NORRÆNNA FJARNÁMSHÁSKÓLA

1. NÁM OG KENNSLA

2. RANNSÓKNIR

3. MENNING OG
STJÓRNUN

4. ALPJÓÐATENGL

5. SAMFÉLAGSPÁTTAKA

FRAMTÍÐARSÝN

Hvert er leiðarljósið okkar?

HLUTVERK

Hvaða hlutverki gegnum við?

GILDI

Hvaða gildi höfum við ávallt að leiðarljósi ?

LYKILMARKMIÐ

Hvaða risastóra markmiði stefnum við að?

STEFNUÁHERSLUR

Til ársins 2030

Hlutverk, framtíðarsýn og gildi



Hlutverk

- Við sköpum þekkingu, eflum og menntum nútímafólk.
- Háskólinn á Bifröst stundar rannsóknir sem stuðla að framþróun og nýsköpun í samfélaginu og veitir krefjandi, fjölbreytt og hvetjandi fjarnám til áhrifa og ábyrgðar

Framtíðarsýn

- Þín tenging við framtíðina



Lykilmarkmið

- Í hópi leiðandi norrænna fjarnámsháskóla

Gildi

- Gildi okkar skilgreina hver við erum og hver við viljum vera sem samfélag.





Samvinna

sem hefur að markmiði að:

- Hvetja til samskipta og þátttöku
- Stuðla að tengslum við samfélagið
- Byggja upp „við á Bifröst“ liðsanda

Frumkvæði

sem felur í sér:

- Nýsköpun í þróun stafrænna kennsluaðferða
- Þróun frumkvæðis í vinnubrögðum
- Þátttöku nemenda





Fagmennska

birtist í að:

- Standa vörð um frelsi til rannsókna
- Veita aðgang að menntun
- Fagna fjölbreytni
- Nám og starf stundað af heilindum og alúð.

Stoðir Háskólans á Bifröst

NÁM OG KENNSLA

RANNSÓKNIR

MENNING OG STJÓRNUN

ALPJÓÐATENGSL

SAMFÉLAGSPÁTTTAKA



Nám og kennsla

Markmið okkar um nám og kennslu á stefnumótunartímabilinu eru að:

- Viðhalda persónulegri þjónustu við nemendur starfsfólk og samfélagið
- Vera í fararbroddi í fjarnámi og tækniþróun
- Efla nýsköpun, gæði og aðferðir í kennslu og námsmati
- Efla ímynd skólans



Markmið 1. Viðhalda persónulegri þjónustu við nemendur starfsfólk og samfélagið

Meginverkefni	Aðgerðir frá vinnustofum	Ábyrgð	Tímabil
1.1. Stuðla að persónulegum vexti nemenda.	- Einstaklingsbundin verkefni, fjölbreytt námsmat - Persónuleg endurgjöf til nemenda, matrixa í Canvas. - Aðstoðarkennarar skylda í námskeiðum yfir 30 nemendur. - Skilgreina þjónustustig kennslu. - Sveigjanleiki í námsframvindu. - Meta hámarksfjölda nemenda í námskeið og námslínur. - Kanna fýsileika á að opna og reka Kaffi Bifröst, aðstaða til samstarfs og samvinnu starfsmanna, kennara og nemenda.	Deildarforsetar og fagstjórar, kennslustjóri	2025-2030
1.2. Efla stoðþjónustu við nemendur.	- Efling bókasafns. - Þjóða upp á ritver og námskeið í akademískum skrifum. - Námskeið í heimildaskráningu. - Stuðningshópur við ritun lokaritgerða veitt endurgjaldlaust.	Námsráðgjafar og bókasafnsfr.	2025-2030
1.3. Gæta að góðri upplýsingaveitu til nemenda.	- Innleiðing á Canvas viðbót. - Tryggja áminningar til nemenda í hverju námskeiði. - Setja skýran ramma um staðlotur nemenda.	Deildarforsetar og fagstjórar, kennslustjóri	2025-2030
1.4. Markviss endurmenntun starfsmanna.	- Efla hæfni aðstoðarkennara, sérhæft skyldunámskeið. - Vottun í kennslufræði fyrir kennara á meistarastigi. - Veita starfsfólki lesaðgang að námskeiðum gegn formlegri umsókn 90% starfsmanna sækja sí- og endurmenntunarnámskeið, ráðstefnur, málstofur árlega.	Mannauðsstjóri	2026-2030

Markmið 2. Vera í fararbroddi í fjarnámi og tækniþróun

Meginverkefni	Aðgerðir frá vinnustofum	Ábyrgð	Tímabil
2.1. Marka stefnu um hagnýtingu gervigreindar og setja ramma.	- Í ferli árlega að lágmarki - Kortleggja fræðslupörf, aðgangur starfsfólks, reglur, þjálfun og fræðsluefni.	Framkvæmdastjórn	2025-2030
2.2. Auka þekkingu og hæfni starfsmanna á hagnýtingu gervigreindar.	Þekkingarmiðlun á meðal starfsmanna að lágmarki einu sinni á ári.	Mannauðsstjóri	2025-2030
2.3. Þjálfa kennara í bestu kennslutækni og framsetningu námsefnis.	- Skilgreina fjármagn til tækniþróunar í kennslu. - Innleiða að lágmarki eitt nýtt umbótaverkefni á ári - Fara yfir öll námskeið á 5 ára fresti - Starfsfólk á kennslusviði sækir árlega ráðstefnur og námskeið á sviði fjarkennslu og tækni	Kennslustjóri/kennsluráðgjafar	2025-2030
2.4. Byggja upp öfluga Endurmenntun Háskólans á Bifröst.	- Marka nýja stefnu. - Móta umgjörð og ferli um starfsemina.	Framkvæmdastjórn og endurmenntunarstj.	2025-2030

Markmið 3. Efla nýsköpun, gæði og aðferðir í kennslu og námsmati

Meginverkefni	Aðgerðir frá vinnustofum	Ábyrgð	Tímabil
3.1. Samræmd gæði fyrirlestra í kennslu.	Allir fyrirlestrar í toppgæðum samkvæmt kennslumati og utanaðkomandi matsaðila.	Kennslustjóri/kennsluráðgjafar	2026-2030
3.2. Fjölbreytni og nýsköpun í framsetningu námsefnis.	- Fræðsla og þjálfun í gerð myndefnis. - Þjóða valin skyldunámskeið á ensku. - Innihaldsmiðuð tungumálakennsla fyrir innflytjendur.	Fagstjórar/kennsluráðgjafar	2025-2030
3.3. Sérfræðingar á öllum fræðasviðum.	- Starfsmaður með doktorsgráðu á hverja námslínu. - Nýliðanámskeið fyrir alla kennara.	Deildarforsetar/ mannauðsstjóri	2025-2030

Markmið 4.

Efla ímynd skólans

Meginverkefni	Aðgerðir frá vinnustofum	Ábyrgð	Tímabil
4.1. Notendavænn vefur á íslensku og ensku.	Allur texti sé aðgengilegur á íslensku og ensku á innri og ytri vef.	Framkvæmdastjórn og markaðssvið	2026
4.2. Efla vitund og ímynd um Háskólann á Bifröst sem öflugan fjarnámsháskóla.	- Auka vitund um jákvæðan árangur í grunn- og meistaranámi. - Viðtöl við nemendur. Miðla ánægju og árangri. - Greina ímynd skólans nánar í rýnihópum.	Framkvæmdastjórn og markaðssvið	2026-2030

Lykilmælikvarðar: Nám og kennsla		Viðmið
Ánægja nemenda með þjónustu háskólans.		90% nemenda er ánægður með þjónustu háskólans samkvæmt árlegri nemendakönnun.
Brottfall nemenda.		Undir 20%
Námsframvinda nemenda.		Árlegt brautskráningarlutfall – ath. Viðmið í skoðun.
Ánægja starfsmanna með þjálfun og endurmenntun.		90% starfsmanna eru ánægðir með þjálfun og endurmenntun í starfi samkvæmt árlegri mannauðskönnun.
Ánægja nemenda með gæði fjarnáms.		90% nemenda er ánægður með gæði fjarnáms við háskólann samkvæmt árlegri nemendakönnun.
Ánægja nemenda með gæði kennslu.		90% nemenda er ánægður með gæði kennslu við háskólann samkvæmt árlegri nemendakönnun.
Ánægja nemenda með fjölbreytni í kennsluháttum.		90% nemenda er ánægður með fjölbreytni í kennsluháttum samkvæmt árlegri nemendakönnun.
Viðhorf til gæða Háskólans á Bifröst.		65% aðspurðra í árlegri könnun telja Háskólann á Bifröst vera góðan háskóla. (Aukning um x %)
Vitund um Háskólann á Bifröst sem fjarnámsháskóla.		65% aðspurðra í árlegri könnun telja Háskólann á Bifröst vera leiðandi fjarnámsháskóla.

Rannsóknir

Markmið okkar um rannsóknir á stefnumótunartímabilinu eru:

- Vera virk í alþjóðlegu rannsóknarsamstarfi
- Efla rannsóknartengt nám
- Öflug rannsóknarvirkni og sókn í rannsóknarstyrki
- Auka afrakstur og sýnileika rannsókna og fræðastarfs



Markmið 5. Vera virk í alþjóðlegu rannsóknarsamstarfi

Meginverkefni	Aðgerðir frá vinnustofum	Ábyrgð	Tímabil
5.1. Aukin sókn í alþjóðlega styrki.	Auka samstarf við erlenda fræðimenn og rannsóknarstofnanir	Rannsóknarstjóri	2027-2030
5.2. Aukin þátttaka í alþjóðlegu rannsóknarstarfi.	Vinna í rannsóknum með samstarfsskólum OpenEU.	Deildarforsetar og rannsóknarstjóri	2025-2030

Markmið 6. Efla rannsóknartengt nám

Meginverkefni	Aðgerðir frá vinnustofum	Ábyrgð	Tímabil
6.1. Fá leyfi til að bjóða upp á doktorsnám.	- Auka þátttöku nemenda í rannsóknum og stefna að doktorsnámi. - Búa til rannsóknahópa.	Framkvæmdastjórn	2030
6.2. Auka þátttöku nemenda í rannsóknum.	- Fjölga akademískum starfsmönnum sem eru virkir í rannsóknum. - Kennarar opna fyrir og laða að verkefnaráðna nemendur í rannsóknir	Deildarforsetar	2026-2030
6.3. Útskrifa fleiri nemendur sem skrifa meistararitgerð.	Fjölga akademískum starfsmönnum sem eru virkir í rannsóknum.	Deildarforsetar	2026-2030

Markmið 7. Öflug rannsóknarvirkni og sókn í rannsóknarstyrki

Meginverkefni	Aðgerðir frá vinnustofum	Ábyrgð	Tímabil
7.1. Fjölga akademískum starfsmönnum með doktorspróf.	90% nýráðninga akademískra starfsmanna með doktorspróf. - Stuðningur við kennara í doktorsnámi.	Rektor og deildarforsetar	2025-2030
7.2. Starfsaðstæður styðji við rannsóknarstarfsemi.	Stofna rannsóknarstofu/miðstöð með aðgengi að hugbúnaði.	Rannsóknarstjóri	2026-2030
7.3. Efla rannsóknarþjónustu	- Búa til og innleiða faglegt ferli í rannsóknarumsýslu - frá umsóknarskrifum til samþykktar lokaskýrslu. - Betri skráning á rannsóknarverkefnum og -afurðum.	Rannsóknarstjóri og deildir	2026-2030
7.4. Aukin sókn í rannsóknarsjóði.	- Hanna hvatakerfi/umbun fyrir rannsóknarvirkni. - Stuðningur til að búa til rannsóknarhópa/miðstöð.	Deildarforsetar og rannsóknarþjónusta	2027-2030

Markmið 8. Auka afrakstur og sýnileika rannsókna og fræðastarfs

Meginverkefni	Aðgerðir frá vinnustofum	Ábyrgð	Tímabil
8.1. Rannsóknarniðurstöður í opnu aðgengi.	- Allar birtingar í opnu aðgengi skv. https://www.bifrost.is/um-haskolann/stefnur--og-aaetlanir/stefna-um-opinn-adgang/ - Hvetja íslenska ríkið til að ganga til samningaviðræðna.	Rector	2029-2030
8.2. Kynning á rannsóknum og rannsakendum í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum.	Auka sýnileika háskólans og akademískra starfsmanna á LinkedIn HB.	Deildarforsetar, rannsóknarstjóri og markaðssvið	2025-2030
8.3. Ráðstefnur og málþing á vegum Háskólans á Bifröst.	- Halda árlegan rannsóknardag þar sem kynntar verða yfirstandandi og væntanlegar rannsóknir með umræðum nemenda og kennara. - Meistaraneimum boðið að vera viðstödd mánaðarlegar rannsóknarmálstofur. - Hver deild er með ráðstefnur og málþing. - Vanda útgáfustarf á vegum HB. Innleiða og kynna ritrýnt og skýrt ferli.	Deildarforsetar, rannsóknarstjóri og markaðssvið	2025-2030

Lykilmælikvarðar: Rannsóknir		Viðmið
	Fjöldi rannsóknastiga p. rannsóknarstöðugildi; Fjöldi aflstiga p. rannsóknarstöðugildi.	75 rannsóknastig p. rannsóknarstöðugildi 45 aflstig p. rannsóknarstöðugildi.
	Árlegt brautskráningarlutfall meistaranema.	Viðmið í skoðun.
	Fjöldi umsókna í rannsóknarsjóði.	Viðmið í skoðun. Leiðandi í 1-5 umsóknum og þátttakendur í 5-10 umsóknum innanlands. Leiðandi í 1-2 umsóknum og þátttakendur í 5-10 umsóknum á alþjóða vettvangi. Allir akademískir starfsmenn sækja um einu sinni á ári.
	Hlutfall fastráðinna akademískra starfsmanna með doktorspróf.	90% nýráðninga akademískra starfsmanna með doktorspróf.

Menning og stjórnun

Markmið okkar um menningu og stjórnun á stefnumótunartímabilinu eru:

- Framúrskarandi vinnustaðamenning
- Öflugt samstarf og innri ferlar
- Sjálfbær fjármálastjórnun



Markmið 9. Framúrskarandi vinnustaðamenning

Meginverkefni	Aðgerðir frá vinnustofum	Ábyrgð	Tímabil
9.1. Vinna gegn starfsmannaveltu.	- Skýrir verkferlar. Verkferlar í árlegri endurskoðun. - Efla nýliðamóttöku enn frekar. - Mentorakerfi - Hver nýliði fái sinn mentor. - Hlúa að stundakennurum. - Gæta að samskiptum milli stjórnsýslu og deilda.	Framkvæmdastjórn/ Mannauðsstjóri	2025-2030
9.2. Góður aðbúnaður og starfsaðstaða fyrir starfsfólk.	- Umhverfi gert hlýlegt, listaverk frá Bifröst. - Starfsfólki sem mætir að jafnaði fjóra daga í viku getur fest sér starfsaðstöðu.	Mannauðsstjóri	2025-2030
9.3. Stuðla að heilsuefningu starfsfólks.	- Taka þátt í Lífshlaupinu - Taka þátt í Hjólað í vinnuna - Árleg gönguferð starfsmanna - Heilsusamlegt millimál fyrir starfsmenn	Mannauðsstjóri	2025-2030
9.4. Efla samvinnu deilda og stoðsviða.	- Reglulegir starfsmannaviðburðir - Innri og ytri markaðssetning á starfsfólki: nýju og núverandi.	Mannauðsstjóri	2025-2030

Markmið 10. Öflugt samstarf og innri ferlar

Meginverkefni	Aðgerðir frá vinnustofum	Ábyrgð	Tímabil
10.1. Virk upplýsingamiðlun og gagnsæi.	• Virkja Teams í samstarfi og upplýsingamiðlun. • Skýrleiki í stjórnun og stefnufesta. • Kynna og halda fram stefnumiðum, gera sýnilegri á vefnum.	Framkvæmdastjórn	2025-2030
10.2. Virk þekkingarmiðlun starfsmanna.	• Reglulegar rannsóknarmálstofur í öllum deildum.	Framkvæmdastjórn	2026-2030
10.3. Bæta skjalaskráningu og samræmi.	• Hvetja og kenna öllum á skjalakerfið okkar.	Rector, skjalastjóri, starfsmenn	2026-2030

Markmið 11. Sjálfbær fjármálastjórnun

Meginverkefni	Aðgerðir frá vinnustofum	Ábyrgð	Tímabil
11.1. Vera á lista yfir framúrskarandi fyrirtæki ársins.	• Virk þátttaka stjórnenda í fjárhagsáætlunargerð. • Ábyrg þátttaka stjórnenda í heilbrigðum rekstri. • Gera núllpunktsgreiningu fyrir hverja námslínu. Vita hvað hver nemandi kostar, vita á hvaða hraða nemendur fara í gegnum námið. • Vita hvar við stöndum hverju sinni m.t.t. reiknilíkansins.	Framkvæmdastjórn	2028-2030
11.2. Skýrir verkferlar og reglur um rekstur.	• Verkferlar og reglur um rekstur endurskoðað árlega og kynntir reglulega fyrir hluteigandi aðilum. • Virk upplýsingagjöf um rekstur HB til stjórnenda og ytri aðila. • Markviss upplýsingagjöf til starfsmanna. • Markviss upplýsingagjöf til stjórnenda.	Fjármálastjóri	2025-2030
11.3. Stöðug þróun á fjárhagskerfinu í samræmi við þarfir umhverfisins.	• Starfsmenn fjármálasviðs fari a.m.k árlega á ráðstefnur og kynningar um málefnið.	Fjármálastjóri, starfsfólk fjármálasviðs	2025-2030

Lykilmælikvarðar: Menning og stjórnun		Viðmið
Ánægja starfsmanna með vinnustaðamenningu.		90% starfsmanna ánægðir með vinnustaðamenningu samkvæmt árlegri mannauðskönnun.
Ánægja starfsmanna með samstarf á vinnustaðnum.		90% starfsmanna ánægðir með samstarf á vinnustaðnum samkvæmt árlegri mannauðskönnun.
Ánægja starfsmanna með samskipti á vinnustaðnum.		90% starfsmanna ánægðir með samskipti á vinnustaðnum samkvæmt árlegri mannauðskönnun.
Ánægja starfsmanna með upplýsingagjöf á vinnustaðnum.		90% starfsmanna ánægðir með upplýsingagjöf á vinnustaðnum samkvæmt árlegri mannauðskönnun.
Á lista yfir framúrskarandi fyrirtæki CreditInfo.		Á listanum 2028-2030.

Alþjóðatengsl

Markmið okkar um alþjóðatengsl á stefnumótunartímabilinu eru:

- Háskólinn á Bifröst verði eftirsóttur samstarfsaðili á alþjóðavettvangi
- Virk þátttaka starfsmanna og nemenda í alþjóðlegu samstarfi



Markmið 12. Háskólinn á Bifröst verði eftirsóttur samstarfsaðili á alþjóðavettvangi

Meginverkefni	Aðgerðir frá vinnustofum	Ábyrgð	Tímabil
12.1. Efla alþjóðaskrifstofu háskólans.	- Fjölga erlendum gestakennurum. - Vönduð móttaka erlendra gesta. Skilgreina feril: hvað við bjóðum og hvað ekki.	Framkvæmdastjórn, alþjóðafulltrúi	2025-2030
12.2. Fjölga skipulögðum og markvissum Erasmus ferðum starfsfólks.	Skilgreina Erasmus verklagsferla.	Framkvæmdastjórn, alþjóðafulltrúi	2028-2030

Markmið 13. Virk þátttaka starfsmanna og nemenda í alþjóðlegu samstarfi

Meginverkefni	Aðgerðir frá vinnustofum	Ábyrgð	Tímabil
13.1. Virk þátttaka starfsmanna og nemenda í OpenEU.	- Efla þátttöku nemenda í alþjóðlegum verkefnum. - Vísindaferðir erlendis með nemendahópa. - Setja upp valnámskeið til eininga þar sem ferð er innifalin. Nemendur bera kostnað af ferðinni. Áfangi með ferð og áfangi án ferðar. - Kortleggja alþjóðleg tengsl starfsfólks. Listi yfir tengsl akademísk starfsfólks á innri vef.	Verkefnastjóri OpenEU	2028-2030
13.2. Efla skiptinám til og frá háskólanum. Kynna verkefni og samstarfsmöguleika.	- Halda árlega alþjóðaviku - Sumarháskóli fyrir erlenda nemendur.	Alþjóðafulltrúi	2025-2030
13.3. Sækja markvisst fram í uppbyggingarsjóð Evrópu.	Efla tengslamyndun og funda með íslenskum starfsmönnum hjá uppbyggingarsjóðum	Rannsóknarstjóri, deildarforsetar	2026-2030

Lykilmælikvarðar: Alþjóðatengsl		Viðmið
Hlutfall starfsmanna sem er virkur í alþjóðlegu samstarfi.		75% af akademísku starfsfólki uppfyllir eitt eða fleiri af eftirfarandi skilyrðum: • Hefur skrifað sameiginlegar vísindagreinar með starfsfólki erlendra háskóla • Tekur þátt í alþjóðlegum verkefnum • Er hluti af umsóknum um alþjóðleg verkefni • Skipuleggur viðburði utan Íslands • Er gestarannsakandi eða gestafyrirlesari við erlendan háskóla eða rannsóknarstofnun.
Fjöldi skiptinema á ári til og frá háskólanum.		Taka á móti og senda 30 nemendur á önn. Rafrænt skiptinám með viðveru á staðlotu (BIP)
Fjöldi starfsmanna sem fer í Erasmus ferðir.		Allir starfsmenn í föstu starfi fari annað hvert ár

Samfélagsþátttaka

Markmið okkar um samfélagsþátttöku á stefnumótunartímabilinu eru:

- Öflug og sjálfbær rannsóknar- og nýsköpunarsetur
- Efla tengsl nemenda og kennara við atvinnulíf og samfélag
- Háskólinn á Bifröst sýnilegri í samfélaginu
- Háskólinn á Bifröst er leiðandi háskóli í sjálfbærni og samfélagslegri ábyrgð



Markmið 14. Öflug og sjálfbær rannsóknar- og nýsköpunarsetur

Meginverkefni	Aðgerðir frá vinnustofum	Ábyrgð	Tímabil
14.1. Auka starfsemi og virkni núverandi rannsóknarsetra.	- Starfsreglur fyrir rannsóknarsetur. - Starfsáætlun fyrir hvert akademískt ár, ársskýrslur. - Teymi akademískra starfsmanna á bakvið hvert rannsóknarsetur.	Framkvæmdastjórn	2025-2030
14.2. Hagnýtar rannsóknir í samstarfi við atvinnulífið.	- Setja á samstarf við sveitarfélög - Efla tengslanet við fyrirtæki m.a. í gegnum Hollvinasamtök.	Framkvæmdastjórn	2025-2030
14.3. Markviss sókn í alþjóðlega sjóði.	Rannsóknarhópar.	Framkvæmdastjórn	2025-2030

Markmið 15. Efla tengsl nemenda og kennara við atvinnulíf og samfélag

Meginverkefni	Aðgerðir frá vinnustofum	Ábyrgð	Tímabil
15.1. Efling starfsnáms og tengsl við atvinnulífið.	• 10% nemenda í starfsnám. Nemendur vinni rannsóknarverkefni hjá fyrirtækjunum sem þau vinna fyrir. Halda utan um þessi verkefni svo hægt sé að mæla. • Tengja Missó við raunveruleg viðfangsefni. • Uppskeruhátíðir Missó+ meistaravarna. • Kynning á öllum verkefnum fyrir atvinnulífið. Teknar saman niðurstöður og tölfraði til að leggja fram til ráðuneytisins.	Deildarforsetar, fagstjórar, verkefnastjóri starfsnáms	2026-2030
15.2. Stuðla að nýsköpunarviðleitni nemenda.	• 30% verkefna séu í samstarfi við atvinnulífið/samfélag. • Skyldunámskeið í nýsköpun í næstu kennsluskrá. • Gulleggsverkefni – lokaverkefni Tengja við nýsköpunarnámskeiðið og hvetja til að halda áfram í Gulleggið.	Deildarforsetar, fagstjórar, kennarar, markaðssvið	2025-2030

Markmið 16. Háskólinn á Bifröst sýnilegri í samfélaginu

Meginverkefni	Aðgerðir frá vinnustofum	Ábyrgð	Tímabil
16.1. Efla markaðs- og samskiptasvið háskólans.	- Efla samskipti og samvinnu milli nemendafélags og markaðssviðs. - Hafa frumkvæði að samfélagsumræðu. - Auglýsa eftir samstarfsverkefnum vegna samfélagsþátttöku. - Markaðsstefna – skýrari sýnileiki. - PR stefna.	Framkvæmdastjórn	2026-2030
16.2. Auka sýnileika á ráðstefnum og í fjölmiðlum.	- Skoða hvata til samfélagsþátttöku starfsmanna. Starfsáætlun taki inn samfélagsleg verkefni og skráningu þeirra. - Hlaðvörp á vegum HB. Stuðningur HB, aðstaða og græjur. - Þjálfun starfsfólks – framkoma í fjölmiðlum, kynningum o.fl. - Virk upplýsingamiðlun starfsmanna til samfélagsins út frá rannsóknum þeirra.	Markaðssvið, deildarforsetar	2026-2030

Markmið 17. Háskólinn á Bifröst er leiðandi háskóli í sjálfbærni og samfélagslegri ábyrgð

Meginverkefni	Aðgerðir frá vinnustofum	Ábyrgð	Tímabil
17.1. Stefnumótun í sjálfbærni og samfélagslegri ábyrgð.	Aðgerðaáætlun, markmið og mælikvarðar.	Deildarforseti viðskiptadeildar	2027

Lykilmælikvarðar: Samfélagspátttaka		Viðmið
Fjöldi umsókna í alþjóðlega sjóði.		Viðmið í skoðun.
Hlutfall verkefna í samstarfi við atvinnulífið/samfélag.		30% verkefna í samstarfi við atvinnulíf/samfélag
Hversu þekktur Háskólinn á Bifröst er.		15% aðspurðra í könnun segjast þekkja Háskólann á Bifröst mikið

HVETJANDI
KREFJANDI

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

STEFNUMIÐ 2030

Þín tenging við framtíðina!



SAM-
VIRKA-
FAG-
VIRKA-
FRUM-
KVÆÐI



LEIÐANDI NORRÆNN
FJARNÁMSHÁSKÓLI



Lærðu
hvar
sem er!

RANNSÓKNIR
NÁM & KENNSLA
MENNING & STJÓRNUN
ALPJÓÐATENGSL
SAMFÉLAGSPÁTTAKA

VIÐ ERUM
ALLSKONAR

Við sköpum þekkingu,
eflum og menntum
nú tíma fólk

OPEN EU



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY